

7. grein.

1871.

2. janúar.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag apríl. 1871. Frá þessum tíma eru þau störf á enda, sem ríkisþingið hingað til hefir haft á hendi um fyrirkomulag á hinum sérstaklegu tekjum og útgjöldum Íslands.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verkfæri handa lækni í Stranda og Barðastrandar sýslu.

5. janúar.

Um leið og þér, herra amtmaður, skýrið frá í bræfi 4. oktbr. f. á., að kandídat í læknisfræði, Ólafur Sigvaldason, sem er settur til að gæta héraðslæknis-starfa í Strandasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, hafi sókt um, að fá endurgoldna úr jafnaðarsjóðnum 26 rd. 8 sk., sem hann hefir varið til þess að kaupa sér fyrir hin nauðsynlegustu verkfæri til læknisstarfa sinna, hafið þér leitað samþykkis stjórnarráðsins um, að þér hafið til bráðabirgða veitt þetta, með því skilyrði, að verkfærin skyldi fylgja læknisembættinu, og að fæð yrði borgað aptur í jafnaðarsjóðinn, ef stjórnarráðið ekki samþykkti. Þér hafið einkum skírskotað til þess, að eptir því, sem nú eru lög til, þá er fæ veitt úr jafnaðarsjóðunum til að kaupa læknaverkfæri þau, sem á þarf að halda, handa hinum föstu héraðslæknum; einnig getið þér þess, að sækjandi búi við lakari kjör en þeir, og muni eiga hágt með að vera án fjárins eða bíða eptir, að honum verði það endurgoldið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum verður að fallast á það, sem gjörzt hefir í þessu máli.